

**Sp. 656. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]**  
um notkun raforku í atvinnufyrirtækjum.

Flm.: Ólafur Óskarsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að nýta raforku til atvinnufyrirtækja í stað olíu þar sem því verður við komið af tæknilegum ástæðum.

#### Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er, eins og fram kemur í tillögugreininni, að stuðla að því, að notuð verði innlend orka í sem ríkustum mæli í stað olíu.

Eins og kunnugt er hafa á undanförunum árum verið gerðar stórfamkvæmdir á sviði raforkuframleiðslu og aðrar standa fyrir dyrum.

Það verður því að álíta að innan tíðar verði hendi nægilegt framboð á raforku, auk þess sem framleiðsla raforku með olíu verður þá úr sögunni.

Með tilliti til þess, að flestar spár um þróun orkumála í heiminum benda til þess, að skortur verði á olíu jafnvel á næstu tveim áratugum, auk þess sem stórfelldar hækkanir geta dunið yfir hvenær sem er, eins og dæmin sanna, verður að telja fyllilega tímabært að stefnt verði ákveðið að því, að notuð verði innlend orka í atvinnurekstri landsmanna eins og mögulegt er.

Til þess að sem bestur árangur náist í þessum efnum þarf að koma til samstarf margra aðila og því verður að telja eðlilegt að ríkisvaldið hafi forustu í þessu máli.